

HLUTHAFAFUNDUR

Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., 13. janúar 2020.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., Ásbrú í Reykjaneshús, þann 13. janúar 2020 og hófst kl. 11.30. Fyrir hönd hluthafa mætti Sigurður H. Helgason skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneyti. Jafnframt mætti á fundinn Ísak Ernir Kristinsson stjórnarformaður Kadeco, Steinunn Sigvaldadóttir stjórnarmaður Kadeco, Anna Steinunn Jónasdóttir verkefnastjóri Kadeco, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri Reykjaneshæjar, Friðjón Einarsson formaður bæjarráðs Reykjaneshæjar, Magnús Stefánsson bæjarstjóri Suðurnesjabæjar, Ólafur Þór Ólafsson formaður bæjarráðs Suðurnesjabæjar, Reynir Sævarsson.

Til þessa hluthafafundar var boðað með tilkynningu í samræmi við 12. gr. samþykkta félagsins. Hluthafafundur þessi telst lögmaetur.

Á dagskrá fundarins voru eftirfarandi mál:

1. Endurskoðun samþykkta.
2. Kjör stjórnarmanna og varamanns.

Þá var gengið til dagskrár.

1. Endurskoðun samþykkta – fjöldi stjórnarmanna

Lögð voru fram drög að breyttum samþykktum félagsins. Lagðar eru til svohljóðandi breytingar á 1. gr., 2. gr., 3. gr. og 16. gr. samþykkta félagsins:

1. gr.

Félagið er einkahlutafélag í eigu íslenska ríkisins og er nefn þess Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf.

2. gr

Heimili félagsins er að Skógarbraut 946, 262 Reykjaneshæjar.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að leiða formlegt samstarf ríkisins, Isavia, Reykjaneshæjar og Suðurnesjabæjar um skipulag, þróun, hagnýtingu og markaðssetningu lands við Keflavíkurflugvöll og nærsvæða. Hlutverk félagsins er að leiða stefnumótun og greiningu á tækifærum fyrir svæðið í heild sem auki samkeppnishæfni flugvallarins og þar af leiðandi svæðisins. Að setja fram heilsteypt skipulag fyrir svæðið sem felur í sér skýra forgangsröðun uppbyggingar lands sem samkomulag aðila tekur til þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi á öllum stigum skipulags og þróunar. Að kynna og markaðssetja svæðið, koma fram sem samningsaðili við þá sem hafa hug á fjárfestingu og uppbyggingu á svæðinu og ráðstafa eftir atvikum lóðum og innheimtu byggingarréttar og lóðarleigu að lokinni skipulagsvinnu á gagnsæjan og opinн hátt.

16. gr.

Stjórn félagsins skal vera skipuð fimm einstaklingum og einum til vara og er kjörin á aðalfundi félagsins. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila. Samþykki meirihluta stjórnar þarf til að skuldbinda félagið. Stjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfs hennar.

Drög að breyttum samþykktum voru samþykkt.

2. Kjör stjórnarmana og varamanns

Eftirtaldir þrír aðilar voru kjörnir sem aðalmenn í stjórn félagsins samkvæmt tillögu fjármála- og efnahagsráðherra:

Elín Árnadóttir, kt. 110471-4599, Birkibergi 22, 221 Hafnarfirði,
Reynir Sævarsson, kt. 220579-3019, Skipasundi 30, 104 Reykjavík,
Ólafur Þór Ólafsson, kt. 300572-5379, Stafnesvegi 10, 245 Sandgerði.

Hafsteinn S. Hafsteinsson mun láta af störfum í stjórninni.

Áfram í aðalstjórn sitja Ísak Ernir Kristinsson og Steinunn Sigvaldadóttir og í varastjórn situr Hrafn Hlynsson.

Sigurður Helgason lýsir yfir ánægju með að samkomulagið sé í höfn og samstarfið sé að formgerast með þessum hætti. Lýsir yfir óskum um að vel takist til og að allir gangi í takt í þessari vinnu. Fundarmenn taka undir þessi orð Sigurðar og hlakka til samvinnunnar.

Engin önnur mál voru tekin fyrir. Fundi var slitið kl. 12.00.

Fundagerð ritaði Anna Steinunn Jónasdóttir.

